

Dags eftirlits	27.3.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Háskóli Íslands	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Vatnsmýrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Steingrímsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Valdimarsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Ein ábending var gerð og snýr hún að uppfærslu á neyðaráætlun rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
2. Skráningar skv. starfsleyfi
3. Tilkynningar skv. starfsleyfi
4. Skoðun á aðstöðu sem krafist er
5. Samantekt og kvittun

Starfsleyfi rekstraraðila var endurútgæfið í desember 2016 með breytingum þar sem hluti af starfsemi hefur verið fluttur að Sturlugötu 8 (hús Íslenskrar erfðagreiningar). Farið var yfir aðkomu ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur og Vinnueftirlits ríkisins að starfsleyfisbreytingunni. Vinnueftirlitið hafði skömmu áður tekið út aðstöðuna að Sturlugötu 8.

Rekstraraðila er heimil starfsemi með erfðabreyttar örverur af flokki I, með plasmíð og klónuð gen þar sem notaðar eru stofnar af E. coli, gersveppum og af skilgreindum frumulínum spendýra. Einnig er rekstraraðila heimil starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki II, að ferja og tjá gen í HIV og mæði-visnu lentiveirukerfum, í adenó- og adenótengdum veirukerfum og í Baculoveirukerfi. Í fjórum rannsóknastofum á efri hæð Sturlugötu 8 er unnið með erfðabreyttar örverur og á 4. og 5. hæð Læknagarðs að Vatnsmýrarvegi 16.

Sest var niður með Eiríki Steingrímssyni og Guðrúnu Valdimarsdóttur og farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu. Flest var þá (2015) með ágætum en farið hafði verið fram á að hert væri á skráningum. Eiríkur lagði fram vinnudagbækur þar sem fram komu upplýsingar um skráningu úrgangs og eins listar yfir þá starfsmenn sem vinna með erfðabreyttar örverur. Aðeins var um þetta rætt og bent á, að ef starfsmenn kvitta fyrir móttöku þjálfunar eða kvitta fyrir lestri vinnulýsinga þá taki þeir meiri ábyrgð á störfum sínum. Reskstaradili íhugar að breyta verklagi til þess að innleiða að þeir sem þjálfaðir eru, kvitti fyrir að hafa móttekið þjálfunina.

Farið var yfir neyðaráætlun og áætlun um frágang vegna stöðvunar eða lokunar. Bent var á að Sigríður Kristjánsdóttir sem verið hefur tengiliður Umhverfisstofnunar við rekstraraðila í neyðaráætlun þeirra hefur látið af störfum hjá Umhverfisstofnun og því þurfi að uppfæra áætlunina. Engin mengunaróhöpp eða „næstum því óhöpp“ hafa orðið frá síðasta eftirliti. Alls koma um 10 starfsmenn og nemar að vinnu við erfðabreyttar örverur á degi hverjum og hver og einn hefur sína vinnudagbók.

Þar sem starfsleyfið nær til lífvera í flokki II þá eru kröfur um afmörkunarráðstafanir nokkuð strangari en í öðrum húsum háskólans. Stefán Þ. Sigurðsson er formaður öryggisnefndar hússins að Sturlugötu 8 en Sigríður Klara Böðvarsdóttir er formaður öryggisnefndar hússins að Vatnsmýrarvegi 16.

Gengið var um aðstöðuna að Sturlugötu 8 með Guðrúnu Valdimarsdóttur og bættist Sigríður Klara Böðvarsdóttir í hópinn þegar komið var út í Læknagarð. Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust.

ATHUGASEMDIR

Ein ábending var gerð og snýr hún að uppfærslu á neyðaráætlun rekstraraðila.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.04.2017



Gottskálk Friðgeirsson